

VIÐS2FJ05

Kennsluáætlun

Viðfangsefni áfangans:

Viðfangsefni:

Fjárhagsáætlanir, sparnaðarleiðir, ávöxtun, nafnvextir, raunvextir, verðtrygging, núvirði, ávöxtunarkrafa, innri vextir, framtíðarvirði, greiðsluráðir, skuldabréf og mismunandi greiðsluform þeirra, kaupverð/gengi/afföll/yfirverð skuldabréfa, vísitölur, gengisútreikningar á gjaldmiðlum, mat á tilboðum/fjárfestingavalkostum, hlutabréf, markaðsverðbréf.

Markmið:

- geti útskýrt helstu vaxtahugtök
- geti reiknað út vaxtaupphæð, framtíðarvirði höfuðstóls, núvirði höfuðstóls, vaxtaþrósentu og tíma í einföldum og samsettum vaxtareikningi
- þekki til mismunandi sparnaðarleiða einstaklinga
- þekki helstu tegundir skuldabréfa og geti reiknað út greiðslur tengdar þeim
- þekki til helstu lánavalkosta sem einstaklingar standa frammi fyrir ásamt kostnaði og ábyrgð sem fylgir því að taka lán
- þekki til útreiknings á vísitölum og hagnýtra nota af þeim
- þekki til helstu aðferða við verðtryggingu og geti reiknað út greiðslur af verðtryggðum skuldabréfum
- geti reiknað út greiðslur, núvirði og framtíðarvirði greiðsluráða
- geti reiknað út ávöxtun og greint á milli nafnávöxtunar og raunávöxtunar
- geti reiknað út breytingar á gengi og verði gjaldmiðla
- geti reiknað út kaupverð, gengi, afföll og yfirverð einföldustu gerða skuldabréfa
- geti reiknað út hagkvæmustu fjárfestingavalkosti/tilboð með hjálp núvirðisreikninga
- geti reiknað út innri vexti greiðsluráðar
- geti skilgreint hvað er hlutabréf og í hvaða formi hluthafar geti vænst ávöxtunar af hlutabréfaeign sinni
- þekki til helstu markaðsverðbréfa á íslenskum verðbréfamarkaði
- þekki til hugbúnaðar sem nýtist vel til útreikninga á sviði fjármála.

Kennslugögn:

Glósur og efni frá kennara

Ljósrit og ítarefni

Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi

Lotupróf	50 %
Verkefni	40%
Umræður	10%

Þrjú lotupróf verða á önninni og er skylda að taka þau öll. Heima- og skilaverkefni gilda samtals 40%. Þar af gildir lokaverkefni 15% og annarverkefni 10%. (Annarverkefni er verkefni sem nemendur vinna alla önnina). Áhersla er lögð á að nemendur taki þátt í umræðum á Moodle reglulega, gildir þátttaka í þessum umræðum 10%. Í umræðum fjöllum við oft á tíðum um málefni líðandi stundar.

Áætlun um yfirferð:

Lota:	Vika:	Efni:	
1	2.-3.	Prósentureikningur	
	3.-4.	Vaxtareikningur	
	4.-5.	Vaxtavextir	
		Lotupróf 1	
2.	6.-7.	Skuldabréf	
	7.-9.	Verðtrygging og vísitölur	
		Lotupróf 2	
3	10.-11.	Hlutabréf	
	12.	Gengi gjaldmiðla	

		Lotupróf 3	
4.	13.-16.	Fjárfestingar, núvirði, framtíðarvirði	
		Lotupróf 4	
	17.-18.	Lokaverkefni	

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Kennari: Ægir Sigurðsson